



FANGELISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri,
Templarasundi 5
101 Reykjavík.

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

21. febrúar 2024
2302044

Fangelsismálastofnun vísar til skýrslu umboðsmanns Alþingis, dags. 3. júlí 2023 um konur í afplánun þar sem athugun var gerð á aðbúnaði og aðstæðum kvenna í afplánun. Ýmis tilmæli og ábendingar voru sett fram og var þess óskað að umboðsmaður yrði upplýstur um viðbrögð við þeim eigi síðar en 1. febrúar sl. Þess var óskað að upplýst yrði um hvort tilmælin og ábendingarnar hefðu leitt til einhverra aðgerða eða athafna af hálfu fangelsisyfirvalda, sem og um aðrar aðgerðir sem talin væri ástæða til að ráðast í af þessu tilefni.

- Þeim tilmælum var beint til dómsmálaráðuneytisins og Fangelsismálastofnunar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kvenfangar hefðu í raun sömu möguleika á að afplána í opnu fangelsi við viðunandi aðstæður og karlar í sömu stöðu.
 - EKKI HAFNA VERIÐ GERÐAR BREYTINGAR Á STÖÐU KVENSFANGA AÐ ÞVÍ ER ÞETTA VARÐAR EN FANGELISMÁLASTOFNUN TEKUR UNDIR NAUÐSYN ÞESS AÐ BÆTA AÐBÚNAÐ KVENNA Í AFPLÁNUN, P.Á.M. MÖGULEIKA ÞEIRRA TIL VISTUNAR Í OPNUM FANGELSUM. STANDA VONIR TIL AÐ ÚR ÞESSU VERÐI BÆTT Á NÆSTU MISSERUM/ÁRUM. ÞÁ ER STOFNUNIN NÚ BÚIN AÐ GERA SAMNING VIÐ BATAHÚS FYRIR KONUR ÞANNIG AÐ Þær GETA NÚ VISTAST ÞAR Í STAÐ ÞESS AÐ FARA Á VERND ÞAR SEM KARLAR ERU VISTAÐIR, P.E. ÓSKI Þær SÉRSTAKLEGA EFTIR ÞVÍ.*
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsisins Hólmsheiði að konur sem væru þar í afplánun fengju upplýsingar um að hægt væri að nálgast tíðavörur hjá fangelsinu án endurgjalds og að tryggt væri að slíkar vörur væru með þeim hætti að þær fullnægðu ólíkum þörfum kvenna og aðgengi að vörunum þannig háttar að það væri konunum ekki til ama að óska eftir þeim. Einnig var þeim tilmælum beint til Sogns að slíkar vörur stæðu til boða endurgjaldslaust og með sömu skilyrðum og að ofan.
 - BÚIÐ ER AÐ TRYGGJA SLÍKT AÐGENGINGI, BÆÐI Á HÓLMSHEIÐI OG Á SOGNI.*
- Þeirri ábendingu var beint til Hólmsheiðar að leita leiða til að útisvæði nýttust betur yfir vetrarmánuðina, t.d. með því að ryðja eða moka burt snjó og tryggja að fannfergi hindraði ekki útgöngu.

- *Snjór á útisvæðum er ruddur þannig að hægt er að komast út í garðana yfir vetrartíma þegar snjóbungt er.*
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðuneytis að lagt yrði heildstætt mat á það hvort aðstæður í íslenskum fangelsum væru viðunandi fyrir afplánunarfanga með ung börn þannig að skýr afstaða til þess lægi fyrir hjá fangelsisyfirvöldum. Yrði það afstaða þeirra að mögulegt ætti að vera að vista ung börn með foreldri í fangelsum var þeim bent á að sjá til þess að fyrir hendi væri formleg og skýr viðbragðsáætlun sem fjallaði um til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til þess að svo gæti orðið.
 - *Fullnustulög heimila að fangi geti haft barn hjá sér fyrstu mánuði ævi þess og að jafnaði þar til það verður 18 mánaða í samráði við barnaverndaryfirvöld enda sé það barninu fyrir bestu. Gera skal ráðstafanir til að tryggja velferð barna sem dvelja í fangelsi.*
Það er afstaða Fangelsismálastofnunar að heimsóknaríbúðin á Hólmsheiði sé viðunandi og hafa barnaverndaryfirvöld tekið undir það. Það er hins vegar mat stofnunarinnar að ekki sé œskilegt að barn búi þar með foreldri sínu sem afplánar í fangelsi. Fangelsi er ekki viðeigandi staður fyrir börn og ætti því að leita allra annarra leiða til að styrkja samvistir foreldris og barns meðan á afplánun stendur til að koma í veg fyrir að börn séu vistuð í fangelsi. Verði það hins vegar gert mun það vera í samráði við barnaverndaryfirvöld þar sem hagsmunir barnsins verða hafðir að leiðarljósi.
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsismálastofnunar, Hólmsheiðar og Sogns að leita leiða til að auka framboð á atvinnu fyrir kvenfanga í fangelsunum. Gæta þyrfti þess að atvinnuþátttaka kvenfanga takmarkaðist ekki við störf sem toldust til hefðbundinna kvennastarfa, s.s. hannyrðir og þrif.
 - *Petta er eitt af þeim verkefnum sem er stöðugt í vinnslu, þ.e. að auka vinnu og virkni fyrir alla fanga. Þess má geta að umfang Fangaverks hefur aukist mjög á síðustu misserum en búið er að gera samstarfssamning við ýmis fyrirtæki um vinnu fyrir fanga. Um er að ræða fjölbreytt störf sem nýtast jafnt konum og körlum, s.s. listsköpun, smíði o.fl. Þá er sjálfsboðaliðaverkefnið „Aðstoð eftir afplánun“ að eflast og munu sjálfsboðaliðar á þeirra vegum koma reglulega á Hólmsheiði með ýmis konar hagnýt námskeið sem konurnar hafa óskað eftir, s.s. í matreiðslu, fördun o.fl. Enn fremur kemur íþróttakennari einu sinni í viku með hóptíma fyrir konur.*
- Þeim tilmælum var beint til mennta-og barnamálaráðherra í samráði við Fangelsismálastofnun, Hólmsheiði og Sogn að taka til skoðunar hvort unnt væri að bæta úr menntamálum kvenfanga, einkum á Hólmsheiði með það í huga hvort hægt væri að bjóða upp á staðnám og verknám og auka að öðru leyti fjölbreytni þess náms sem föngum stæði til boða.
 - *Fangar geta stundað nám í fangelsi en staðnám stendur föngum á Hólmsheiði ekki til boða líkt og á Litla-Hrauni. Á Hólmsheiði geta konur stundað fjarnám og er náms- og starfsráðgjafi þeim til stuðnings, óski þær eftir því. Stofnunin tekur undir nauðsyn þess að unnt sé að bjóða konum og í raun öllum föngum upp á staðnám og fjölbreyttara nám en nú er í boði og er bent á menntamálaráðuneytið í því sambandi.*

- Þeirri ábendingu var beint til Hólmsheiðar að fylgja eftir áformum um að efla skipulagt virknistarf fyrir konur sem þar vistuðust.
 - *Sjá svar hér að ofan varðandi aukið framboð atvinnu en auk þess má nefna að Rauði Krossinn er nú að fara af stað með sérstakt hópaverkefni fyrir konur á Hólmsheiði.*
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsismálastofnunar, Hólmsheiðar og Sogns að efla meðferðarstarf ætlað konum, t.d. með því að auka aðkomu fagfólks.
 - *Fangelsismálastofnun hefur um margra ára skeið bent á skort á sérfræðingum hjá stofnuninni, s.s. félagsráðgjöfum og sálfræðingum en vegna undirmönnunar hefur ekki verið unnt að sinna föngum eins vel og stofnunin telur þörf á. Hefur stofnunin bent á að þörf sé á a.m.k. sex sálfræðingum og félagsráðgjöfum til viðbótar við þá sem nú starfa á meðferðarsviði auk vímuefnaráðgjafa og iðjuþjálfra til að unnt sé að sinna þeim lögbundnu verkefnum sem stofnuninni er falið.*
- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Fangelsismálastofnun að leita leiða til þess að þeir kvenfangar sem þess þyrftu gætu á sama hátt og karkyns fangar vistast í vímuefnalausu rými, uppfylltu þær skilyrði til þess.
 - *Á Hólmsheiði eru tvær deildir yfirleitt notaðar fyrir kvenfanga og er reynt að haga skipulagi þannig að a.m.k. annar gangurinn sé vímuefnalaus. Á Hólmsheiði eru haldnir AA- fundir en ekki er sérstakur meðferðargangur eins og í fangelsinu á Litla-Hrauni og er ekki á dagskrá að útbúa þannig gang, enda hvorki til peningar né mannskapur eins og sakir standa.*
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsismálastofnunar að hverfa frá beitingu almennra viðmiða eingöngu við ákvörðun um gerð meðferðaráætlunar og leggja þess í stað einnig mat á nauðsyn hennar á grundvelli einstaklingsbundinna þátta í samræmi við fyrirmæli 24. gr. fullnustulaga.
 - *Búið er að breyta verklagi í tengslum við meðferðaráætlunar en vegna skorts á starfsfólkis hjá meðferðarsviði Fangelsismálastofnunar verður að forgangsraða verkefnum og því verður ekki unnt að gera meðferðaráætlun fyrir alla fanga. Hins vegar fá þeir engu að síður þjónustu hjá sálfræðingum og félagsráðgjöfum stofnunarinnar auk annarra heilbrigðisstarfsmanna fangelsanna. Sjá að öðru leyti svar hér að ofan um þörf á fleiri sérfræðingum á meðferðarsviði.*
- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Sogn og Fangelsismálastofnun að leitast yrði við að hafa samsetningu starfsmannahópsins með þeim hætti að almennt væri hægt að hafa bæði karlkyns og kvenkyns starfsmenn á vakt hverju sinni.
 - *Eins og staðan er núna er ekki hægt að tryggja þetta á Sogni. Þar eru fáir starfsmenn á vakt hverju sinni og ekki nægilega margar konur til að hægt sé að verða við þessu alla daga.*
- Þeim tilmælum var beint til Hólmsheiðar og Sogns að sýna kvenföngum nærgætni við reglubundið innlit, m.a. þannig að karlkyns fangaverðir gættu þess að banka á hurðir og gefa kvenföngum hæfilegan fyrirvara áður en dyr væru opnaðar.
 - *Pessu verklagi er framfylgt*

- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Hólmsheiði og Sogn að leita leiða til að haga störfum fangavarða þannig eftir föngum að karlkyns fangaverðir færur ekki á deildir þar sem konur vistuðust án þess að vera í fylgd með kvenkyns fangaverði.
 - *Reynt er að verða við þessu eftir fremsta megni. Á Hólmsheiði eru nokkuð margar konur að störfum og er því auðvelt að verða við þessu og er þetta almennt gert. Á Sogni er ekki unnt að tryggja þetta, sbr. svar að ofan.*
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsismálastofnunar og dómsmálaráðuneytisins að taka til skoðunar hvort með því að vista konur og karla sameiginlega á Sogni við núverandi aðstæður væri nægilegt tillit tekið til aðstæðna, öryggis og þarfa kvenna.
 - *Aðbúnaður fyrir konur á Sogni er að sumu leyti viðunandi, þ.e. hægt er að aðskilja kynin að næturlagi eins og ber að gera, skv. 43. gr. fullnustulaga. Hins vegar er karlar og konur ekki aðskilin á daginn, s.s. í matsal, við vinnu o.p.h. en vegna smæðar fangelsisins er auðvelt að fylgjast með samskiptum fanga og grípa inn í ef þörf er á því. Þá mætti aðbúnaður kvenna í fangelsinu vera betri, s.s. hreinlætisaðstaða o.fl. Þá skal tekið fram að allir karlkyns fangar sem vistast á Sogni eru metnir hæfir til að vistast með konum, að öðrum kosti yrðu þeir sendir á Kvíabryggju þar sem konur eru ekki vistaðar.*
- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Hólmsheiði og Sogn, eftir atvikum í samráði við Fangelsismálastofnun að taka til skoðunar hvort unnt væri að koma til móts við kvenfanga sem óskuðu eftir því að vera sinnt af heilbrigðisstarfsmanni af sama kyni.
 - *Allir hjúkrunarfræðingar sem starfa í fangelsinu eru konur þannig að kvenfangar hafa greiðan aðgang að þeim. Þá eru bæði karl og kona starfandi læknar í fangelsinu þannig að konur geta skráð sig sérstaklega á lista hjá henni, óski þær eftir því.*
- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Hólmsheiði, eftir atvikum í samráði við Fangelsismálastofnun að taka til athugunar hvort unnt væri með einhverju móti að tryggja að boðun í krabbameinsskoðun bærist kvenföngum í fangelsinu með skjótum og öruggum hætti.
 - *Eins og að framan greinir hefur þjónusta hjúkrunarfræðinga á Hólmsheiði aukist til muna og sjá þær m.a. um að tryggja kvenföngum slíka skoðun.*
- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Hólmsheiði, Sogn og geðheilsuteymi fangelsi að uppýsa erlenda fanga um þá sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu sem stæði þeim til boða svo þessi hópur hefði í raun sömu möguleika á að sækja sér þjónustuna og fangar sem mæltir eru á íslensku.
 - *Lögð er áhersla á að allir fangar fái sömu upplýsingar við upphaf afplánunar, óháð ríkisfangi. Stundum reynist það erfitt sökum tungumálaörðuleika en skv. 54. gr. fullnustulaga á erlendur fangi rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun, sé þess þörf. Þeir starfsmenn meðferðarsviðs sem sinna föngum á Hólmsheiði sinna erlendum föngum jafnt sem íslenskum og boða þá í viðtöl til sín, telji þeir þörf á því og þá óháð því hvort viðkomandi hafi sjálfur óskað eftir viðtali.*

- Þeim tilmælum var beint til Hólmsheiðar að kalla ávallt til túlk við innkomu fanga sem hvorki skildu íslensku né ensku svo að unnt væri að tryggja að upplýsingar kæmst til skila.
 - *Sjá svar hér að framan.*
- Þeim tilmælum var beint til Hólmsheiðar og Fangelsismálastofnunar að bæta upplýsingagjöf til erlendra fanga, s.s. með því að þýða mikilvægar upplýsingar og notast við túlkaþjónustu þegar komið væri á framfæri upplýsingum sem ljóst væri að hefðu mikla þýðingu fyrir þá. Eins skyldi þess gætt að fangar túlkuðu ekki fyrir hvern annan þegar um væri að ræða viðkvæm einkamálefni eða upplýsingar sem vörðuðu réttindi þeirra eða skyldur.
 - *Reynt er eftir fremsta megni að kalla til túlk þegar þörf er á því. Hins vegar er ekki alltaf hægt að fá túlk strax og því þurfa fangaverðir stundum að griða til annarra ráða til að eiga í samskiptum við fanga, s.s. í gegnum þýðingarvélar o.p.h. Þá hefur komið fyrir að aðrir fangar hafi aðstoðað fangaverði við að koma upplýsingum á framfæri en þeir eru aldrei fengnir til að túlka þegar um viðkvæm einkamálefni er að ræða.*
- Þeirri ábendingu var komið á framfæri við Hólmsheiði að leita leiða til að auka aðgengi erlendra fanga að afþreyingu á tungumáli sem þær skildu.
 - *Fangelsinu hafa borist margar bækur á erlendum tungumálum fyrir konur á Hólmsheiði, m.a. á spænsku en stór hluti kvenfanga á Hólmsheiði er spænskumælandi.*
- Þeim tilmælum var beint til Hólmsheiðar að ganga úr skugga um að erlendum föngum bærust ávallt upplýsingar um að þeir hefðu rýmra aðgengi að myndsímtölum en aðrir fangar.
 - *Búið er að ítreka við fangaverði að gæta að þessu*
- Þeim tilmælum var beint til Fangelsismálastofnunar að útfæra formlega viðbragðsáætlun og verklag ef upp kæmu atvik þar sem grunur léki á ofbeldi eða áreitni í garð fanga.
 - *Sértakt verklag var í gildi um skráningu hótana, áverka og meiðsla á föngum og meðferð slíkra mála þar sem m.a. sagði að slikt skyldi kært til löggreglu, heilbrigdisstarfsmanni skyldi tilkynnt um mál Ó.fl. Í áliti umboðsmanns er vísað í Bangkok-reglurnar þar sem áréttáð er að ef upp koma ásakanir um kynferðisofbeldi eða áreitni sé mikilvægt að fangelsið bregðist við þannig að hlúð sé að þolanda, boðið sé upp á sálfræðiaðstoð eða aðra aðhlynningu og ráðstafanir gerðar um leiðir til að koma í veg fyrir frekari umgengni við geranda. Stofnunin hefur yfirfarið ofangreint verklag og bætt þessum atriðum við en engu að síður hefur þeim föngum sem lenda í kynferðislegu ofbeldi verið boðinn stuðningur, s.s. sálfræðiaðstoð og þá hefur jafnframt verið reynt eftir fremsta megni að tryggja að hann þurfi ekki að umgangast geranda meðan á afplánun stendur.*
- Þeirri ábendingu var beint til Fangelsismálastofnunar að taka til athugunar hvort rétt væri að fræðsla um sérstakar þarfir kvenfanga fengi veigameiri sess í námsefni Fangavarðaskólans.

- *Búið er að þróa nýtt námsefni fyrir fangavarðaskólann þar sem m.a. er lögð áhersla á sérstöðu kvenfanga, s.s. áfallasögu o.fl. Þá hefur starfsmönnum nú þegar verið boðið upp á námskeið í áfallamiðaðri nálgun.*

e. u.



e. u.

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'M. M. Ól.' or a similar name.